

Skýrsla bæjarstjóra 11. apríl 2019

- Ljósleiðaraverkefnið er nú komið á gott skrið. Ásgerður skrifaði undir samninga við Fjarskiptasjóð og Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið um lokaskref í ljósleiðaratengingum í sveitarfélaginu með ljósleiðaratengingum í Lóni. Framkvæmdir eru nú hafnar á Mýrum og í kjölfarið hefjast framkvæmdir í Nesjum. Lónið er á áætlun árið 2020 eða 2021. Það verður mikið framfaraskref þegar dreifbýlið verður allt komið með ljósleiðaratengingu.
- Arkitektar frá Glámu Kím komu til að skoða Mikligarð í mars. Koma þeirra var m.a. í tengslum við málþing sem haldið verður 8. maí kl. 16:30 um framtíð Miklagarðs. Undirbúningur er nú að hefjast að breytingum á húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar við Álaleira eftir að Matarsmiðjan fór þar út en Gláma Kím mun aðstoða við hönnun. Það verður því hægt að flytja muni í eigu Menningarmiðstöðvarinnar í eitt húsnæði ásamt því að meira rými mun skapast fyrir héraðsskjalasafnið.
- Landgræðslan var með kynningu á GróLindar verkefninu á Smyrlabjörgum 26. mars en Jóhann Helgi Stefánsson, Hornfirðingur, kynnti verkefnið. Markmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að meta og vakta ástand gróður- og jarðvegsauðlinda landsins og hins vegar að þróa sjálfbærnivísa fyrir landnýtingu með því að vakta gróður- og jarðvegsauðlindir, safna saman þeirri þekkingu sem þegar er til staðar og með því að auka þekkingu með rannsóknum. Fundurinn var afar áhugaverður en hægt er að lesa sér til um verkefnið á síðunni www.grolind.is.
- Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn á Kirkjubæjarklaustri 26. mars. Á fundinum var farið yfir ársreikninga og ársskýrslu Náttúrustofunnar en starfsemin er mjög öflug og rannsóknarefnið fjölbreytt. Starfsmenn Náttúrustofunnar voru einnig með fræðslu; Snævar Guðmundsson sagði frá hopun jökla og myndun jökullóna, Lilja Jóhannsdóttir sagði frá fuglaparadísinni á Suðausturlandi og Pálína Pálsdóttir, starfsmaður á Kirkjubæjarklaustri sagði frá jökulvötnum í Vestur-Skaftafellssýslu. Góð mæting var á fundinn og erindin voru fróðleg og skemmtileg. Á fundinum var einnig skrifað undir samstarfssamning milli Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um rekstur Náttúrustofunnar.
- Ég sat vinnufund með Stefán Gíslason ráðgjafi og eigandi Environice í tengslum við Norræna verkefnið um sjálfbæra bæi. Margar hugmyndir litu dagsins ljós sem munu nýtast í áframhaldandi vinnu við norræna verkefnið.
- Samband sveitarfélaga stóð fyrir málþingi um Loftslagsmál 28. mars. Málþingið var mjög áhugavert. Fyrirlesarar komu úr ýmsum áttum og það má hrósa Sambandi sveitarfélaga fyrir það hversu vel tæknivædd þau eru. Málþingið var allt tekið upp og er hægt að horfa á alla fyrirlestra á heimasíðu sambandsins <https://www.samband.is/um-okkur/fundur-og-radstefnur/malthing-um-loftslagsmal/>. Það er til mikils að vinna með aðgerðum sem miða að því að sporna við neikvæðum lofstlagsáhrifum. Sveitarfélagið Hornafjörður er með aðgerðaráætlun í lofstlagsmálum og er nauðsynlegt að draga aðgerðaráætlunina fram reglulega og fylgja eftir því sem þar er. Orðið röskun var kynnt til sögunar og það notað en í stað þess að tala um hlýnun jarðar, það er réttara að tala um röskun í veðurfari því hlýnun hefur í raun jákvæða merkingu sem er ekki raunin með loftslagsbreytingunum því þær hafa síður en svo jákvæð áhrif. Hér eftir mun ég því nota orðið RÖSKUN um þetta fyrirbæri.
- Landsþing Sambands sveitarfélaga haldið í Reykjavík daginn eftir loftslagsþingið eða þann 29. mars. Þar kemur saman sveitarstjórnarfolk af öllu landinu. Sambandið tók upp alla fyrirlestra sem eru aðgengilegir á heimasíðunni þeirra, áhugasamir geta hlustað á fyrirlestrarna á netslóðinni:

<https://www.samband.is/um-okkur/landsting-sambandsins/landsting-2019/>. Til umræðu á þinginu voru húsnæðismál, samgöngumál og kjaramál. Kjaraviðræður eru nú hafnar fyrir hönd sveitarfélaga en flestir samningar losnuðu 31. mars.

- Nú er ljóst að flugfélagið WOW air varð gjaldþrota eftir talsverðar björgunartilraunir. Á síðasta fundi bæjarráðs voru ferðamál til umfjöllunar. Það er að sjálfsögðu erfitt að segja til um hver áhrifin verða á ferðaþjónustu hér í sýslunni en fyrstu fregnir eru nokkuð jákvæðar. Við bindum vonir við að önnur flugfélög taki við eftirspurninni og haldi áfram flugáætlun til Íslands.
- Raðhúsin í Borgartúni Örfæfum hafa nú verið afhent sveitarfélaginu. Ég gerði mér ferð í Örfæfin með Ragnhildi fræðslustjóra til að taka formlega við lykklunum. Magnhildur Gísladóttir skólastjóri í Grunnskólanum í Hofgarði flutti inn samdægurs og nú er kominn leiksólakennari í eitt húsið. Húsin eru glæsileg og leysir þá húsnæðisþörf sem skólinn hefur búið við fyrir starfsfólk. Tekin hefur verið ákvörðun um að auglýsa þriðja húsið til leigu á opnum markaði.
- Unglingalandsmótsnefnd hittist í síðustu viku. Undirbúningur stendur sem hæst en það er allt á áætlun. Sveitarfélagið er að undirbúa alla aðstöðu fyrir mótið og gengur það vel. Búið er að ráða sérgreinarstjóra í allar keppnisgreinar og fjármögnun er samkvæmt áætlun. Áætlað er að halda kynningarfund fyrir íbúa þann 8. maí kl. 20 þar sem íbúum mun gefast kostur á að skrá sig til starfa við mótið. Vil ég nota tækifæri og hvetja sem flesta íbúa til að taka þátt sem sjálfboðaliðar.
- Í gær sat ég ársfund Þekkingaseturs Nýheima. Þar var farið yfir starfsárið en setrið vinnur að fjölmörgum verkefnum í samstarfi hina ýmsu aðila. Skipað var í nýja stjórn og er það meðal næstu verkefna stjórnar og starfsmanna að tryggja Þekkingasetrinu rekstrarsamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Mikilvægt er að sveitarfélagið styðji setrið í þeirri baráttu.

*Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri*